



Akranesi, 8. september 2023

Fundur foreldraráðs Teigasels

Mættar: Hildur Jónsdóttir, Sigurbjörg Gyða Guðmundsdóttir, Berglind Bergsdóttir, Íris Guðrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri og Heiða Björk Guðjónsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

### **Skóladagatal Teigasels 2023-2024**

Íris fór yfir skóladagatal skólaársins 2023-2024 farið var sérstaklega yfir skipulagsdagana. Foreldraráð samþykkir skóladagatalið og þá skipulagsdaga sem lagt var upp með.

### **Skólanámskrá Teigasels**

Skólanámskrá Teigasels er í endurskoðun og stefnum við á að hún verði tilbúin til yfirlestrar fyrir áramót. Þær helstu breytingar sem verða í námskránni er að leiknum er gefið meira vægi í starfi leikskólans í takt við breytingar í Aðalnámskrá leikskóla. Með nýjum stjórnendum koma nýjar áherslur og nýjar hugmyndir. Við höfum ákveðnar skoðanir á leikskólastarfi. Okkar áherslur liggja í einingakubbum, flæði (hugarástand) og útikennslu. Við ætlum okkur þó ekki að breyta Teigaseli þannig lagað. Áhersla verður áfram á stærðfræði en þessi verður öllu fléttað saman.

Foreldraráð var mjög spennt og hlakkaði til yfirlestur skólanámskrárinnar.

### **Tilraunaverkefni í leikskólum Akraneskaupstaðar skólaárið 2023-2024 – Skráningardagar í leikskólum**

Farið var yfir þetta verkefni og útskýrt nánar. Þetta eru 11 skráningadagar sem umræðir. Þar sem foreldrar þurfa að skrá börnin sín í leikskólann ákveðna 11 daga, annars er litið á að börnin séu í fríi. Þessir dagar eru allir tengdir við skóladagatal grunnskólanna. Vetrarfrí í október og febrúar, jólafrí og frí í Dymbilviku. Ef börn eru í fríi alla þessa 11 daga þá er desember gjaldfrjáls.

Foreldraráði list mjög vel á þetta verkefni.

### **Myndarsíðurnar okkar**

Við höfum ákveðið að læsa myndaskjölunum okkar.

Foreldraráði list mjög vel á það.

Fundargerð ritaði: Heiða Björk Guðjónsdóttir.